



Fréttabréf Garðasels júní 2018



Sundnámskeið elstu barna



Dagana 4.- 5. -6. -7. og -11. júní verður sundnámskeið í Jaðarsbakkalaug fyrir elstu börnin á Vík . Hópnum verður skipt í tvo hópa og fer fyrri hópurinn kl: 9.00 - 9.40 og seinni hópurinn kl:10.00 -10.40

Þetta verða 5 sunddagar sem börnin fá og námskeiðið munu Breki Berg, Helena og Lára Dóra sjá um. Starfsfólk deildar mun fylgja hópnum og síðan verður starfsmaður á bakka til að aðstoða þá sem þurfa að fara inn í klefa. Sundnámskeiðið er hluti af áherslum leikskólans í hreyfingu.

Íþróttadagar

Dagana 11.- 15. júní eru hinir árlegu íþróttadagar í Garðaseli og er tímasetning þeirra alla dagana kl: 9.00 -11.30. Viðfangsefnin tengjast hreyfingu og íþróttum og verður fjölbreytnin mikil (dans, keila, fótbolti, golf, þrautir, leikir....) í ár.Íþróttastjórar skipuleggja viðfangsefni dagana og verður því skipulagi komið til foreldra í tölvupósti og á heimasíðu skólans.



Fræðsla um gildi og mikilvægi hreyfingar barna og tækifærin sem umhverfið býður upp á verður sett upp í forstofum deilda, foreldrum og börnum til hvatnigar.

Leiksýningin Kárius og Baktus

Miðvikudaginn 13. júní kl: 10.00 verður leiksýning um þá bræður, Kárius og Baktus, í boði foreldrafélagsins.

Grillhátíð foreldrafélagsins

Grillhátíð foreldrafélagsins er kl: 11.30 -13.00 og stefnt er á miðvikudaginn 13. júní.. Fylgst verður með veðurspánni og vonandi verður þessi miðvikudagur bæði heitur og sólríkur fyrir okkur. Fjölskyldur barnanna eru velkomnar í grillið. Ef veðurspá er ekki góð þá finnum við annan dag og auglýstum vel og rækilega til foreldra.



Sumarlokun er frá 9. júlí – 4. ágúst.
Opnað þriðjudaginn 7. ágúst

Sumarstarf deilda

Eftir íþróttavíkuna tekur við sumarstarfið. Sumarstarfið sem er alla morgna og tímasetning starfsins verður kl: 9.00 -11.30 / 12.00. Skipulag sumarstarfsins er í höndum hverrar deildar fyrir sig.

Einn hópur verður eftir í leikskólanum og þau börn, sem koma eftir kl: 9.00 og hafa misst af hópnum sínum, fara þá inn í þann hóp sem er heima.

Deildir munu auglýsa vel ef eitthvað sérstakt stendur til þannig að allir geti verið komnir fyrir brottfarartíma ☺



Aðlögun og tilfærsla á milli deilda næsta skólaár



Aðlögun yngstu barnanna verður í byrjun ágúst og þá um leið verður tilfærsla barna á milli deilda eða eftir sumarfrí.

Aldurssamsetning barna í skólanum á næsta skólaári er þannig að Holt verður aldurshrein deild en tveir árgangar á Lóni og Vík..

Á næsta skólaári verður unnið árgangskipt á Víkinni með 2013 og 2014 árgangana og þeir vinna eftir sameiginlegri námskrá og námsáætlunum.

Búið er að setja upp deildir og foreldrar hafa fengið upplýsingar um skipulag á starfsmannahaldi allra deilda.

Lón = 19 börn (2016-2017)	Holt = 20 börn (2015)	Vík = 36 börn (2013 -2014)
Hafrún deildarstjóri, Karen, Ragnheiður, Guðbjörg G, Sonja og Sólveig Rún	Íris Björg deildarstjóri, Heiða, Erna, Addú og María Björg	2013 : Ásta deildarstjóri, Guðriður, og Freyja Hrönn sérstuðningur 2014 : Lára Dóra, Rúna og Freyja sérstuðningur Guðbjörg Þ fer á milli hópa

Breki Berg mun áfram sjá um hreyfingu og YAP ásamt því að sinna afleysingum og Sigurást verður einnig í því starfi.



Sumarafleysingar

Lára Dóra er komin í 80 % starfi í júní og Sólveig Rún verður í 50 % afleysingu líka. Þá kemur Sveinn Logi Kristinsson í 100 % sumarafleysingar, byrjar 1. júní og verður með okkur fram í ágúst.



Tveir þýskir kennaranemar í júní

Í júní verða tveir þýskir kennaranemar í Garðaseli en það er hluti af Erasmus samstarfi sem skólinn var beðinn um að taka þátt í. Nemarnir heita Lucia og Jessica og verða staðsettar til að byrja með á Vík og Lóni.

Tilkynningar um fjarvistir barna

Gott væri að foreldrar létu vita ef börnin eru í fríi dag og dag þannig að ekki sé verið að bíða eftir þeim áður en haldið er af stað í vettvangsferðir eða annað skipulagt starf í júní.

Alltaf gott að vita um mætinguna ☺

